



Alþingi  
Erindi nr. P 123/680  
komudagur 16.12.198

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

## **Umsögn um frv til laga um nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignaskatt**

### **I. Efni**

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bandalags háskólamanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr 75/1981 um tekjuskatt og eignaskatt. Beðið er velvirðingar á því hve seint svar er sent.

### **II. Skattastefna Bandalags háskólamanna**

#### ***Allar tekjur launamanna og fyrirtækja verði skattlagðar á sama hátt.***

Helstu stefnumið Bandalags háskólamanna varðandi endurskoðun á skattkerfinu eru eftirfarandi:

- Tekjuskattur verði lagður á fjármagnseigendur eins og á tekjur launamanna.
- Persónuafsláttur, barnabætur, húsnæðisbætur og skattleysismörk verði hækkuð í samræmi við verðlagsbreytingar.
- Skattaeftirlit verði eflt, einkum með atvinnurekstri, til að koma í veg fyrir svarta atvinnustarfsemi og virðisaukaskattssvik.
- Tekið verði tilliti til fjárfestinga einstaklinga í menntun.
- Námsmenn geti að námi loknu nýtt sér persónuafslátt sem safnast hefur upp á námstíma.
- Að tekjutenging barnabóta verði afnumin.

### **III. Afstaða Bandalags háskólamanna**

Bandalag háskólamanna tekur aðeins afstöðu til þeirra þátta frumvarpsins sem varðar skattalega meðferð lífeyrissparnaðar.

Bandalagið vill vekja athygli á því að með skattlagningu ávöxtunar lífeyrissparnaðar er launamönnum mismunað miðað við skattlagningu ávöxtunar annars konar fjármagnstekna. Þannig mun launamaður greiða fullan tekjuskatt af ávöxtun lífeyrissparnaðar við útgreiðslu á meðan eigandi banka- innistæðna eða hlutabréfa greiðir 10% fjármagstekjuskatt af ávöxtun sinni við útgreiðslu. Bandalag háskólamanna mótmælir mismununun af þessu tagi.

Reykjavík, 15. desember 1998

F. h. stjórnar Bandalags háskólamanna

Björk Vilhjálmsdóttir formaður